



Innri endurskoðun og ráðgjöf (IER)

Starfsfólk – Sérþekking, reynsla og hlutverk

Starfsfólk Innri endurskoðunar og ráðgjafar 2026

Ingunn Ólafsdóttir

Starfandi innri endurskoðandi

Ingunn hóf störf hjá IER sem fagstjóri innri endurskoðunar árið 2021 og hefur gegnt starfi innri endurskoðanda frá janúar 2024. Hún býr yfir um 20 ára reynslu af endurskoðun og starfaði áður sem innri endurskoðandi við Háskóla Íslands, auk þess að hafa starfað hjá Deloitte og Ríkisendurskoðun. Hún hefur jafnframt verið virkur félagsmaður í Félagi um innri endurskoðun og gegndi þar formennsku á árunum 2016–2022. Ingunn er vottaður innri endurskoðandi (CIA) frá 2013 og hefur einnig vottun í staðfestingu áhættustýringar (CRMA). Hún lauk EMPA-námi við Kaþólska háskólann í Belgíu og meistaraþrófi frá University of Kent í Bretlandi og stjórn málafræði frá HÍ.



Kristín Henley Vilhjálmsdóttir

Skrifstofustjóri og gæðastjóri

Kristín hóf störf hjá IER í janúar 2016 en starfaði áður á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara frá júní 2006, fyrst sem ritari borgarstjóra og síðar sem verkefnastjóri á skrifstofunni. Hún er gæða- og skjalastjóri IER og sér um prófarkalestur, frágang og útgáfu skýrsla. Hún annast umsýslu endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar og hefur jafnframt umsjón með úrvinnslu mála sem berast í upplýstrunargátt IER. Kristín er með diplóma í heilbrigðisgagnafræði frá Háskóla Íslands og starfaði áður hjá Íslenskri erfðagreiningu.



Stefán Viðar Grétarsson

Verkefnastjóri í innri endurskoðun upplýsingakerfa

Stefán hóf störf hjá IER í mars 2023 og hefur starfað á sviði upplýsingatækni og upplýsingaöryggis frá árinu 1999. Hann hefur meðal annars starfað sem kerfisstjóri, netstjóri og deildarstjóri tölvudeildar, auk þess að hafa gegnt hlutverki breytingastjóra hjá upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar. Stefán lauk meistaranámi í endurskoðun og reikningshaldi frá Háskóla Íslands árið 2013 og B.Sc.-námi í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík. Hann sérhæfir sig í upplýsingaöryggi, áhættumati upplýsingakerfa og mati á skilvirkni og markvirkni innbyggðs eftirlits.



Starfsfólk Innri endurskoðunar og ráðgjafar 2026

Guðjón Hlynur Guðmundsson

Verkefnastjóri í innri endurskoðun

Guðjón hóf störf hjá IER í apríl 2018 sem verkefnastjóri í innri endurskoðun. Hann býr yfir yfir 20 ára reynslu af eftirlits- og úttektarstörfum og starfaði áður hjá Ríkisskattstjóra, Deloitte og Fjármálaeftirlitinu. Hann hefur unnið að vettvangsathugunum hjá fjármálafyrirtækjum með áherslu á útlán, áhættustýringu, innra eftirlit og upplýsingakerfi, auk þess að sinna úttektum á upplýsingakerfum og upplýsingaöryggi. Þá hefur hann komið að gerð eftirlitsáætlauna og áhættugreininga. Guðjón er með B.Sc.-gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum á Bifröst (2003) og M.Sc.-gráðu í fjármálum frá Háskóla Íslands (2009).



Arnheiður Elísa Ingjaldsdóttir

Verkefnastjóri í innri endurskoðun

Arnheiður hóf störf hjá IER í febrúar 2025. Hún býr yfir nær tuttugu ára reynslu af störfum innan Stjórnarráðsins, undirstofnana og Reykjavíkurborgar, þar sem hún hefur meðal annars starfað við árangursstjórnun, stefnumótun, rekstur og ráðgjöf. Arnheiður gegndi hlutverki staðgengils skrifstofustjóra hjá Innviðaráðuneytinu. Hún er með meistaragráðu í hagfræði og lögfræði frá Háskólanum í Árósum (2007), diplómagráðu í opinberri stjórnsýslu frá Háskóla Íslands (2018) og B.Sc.-gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands (2002).



Kristín Lilja Sigurðardóttir

Lögfræðingur

Kristín Lilja hóf störf hjá IER árið 2023 og starfaði á fagsviði persónuverndar. Hún gegndi um tíma hlutverki staðgengils persónuverndarfulltrúa Reykjavíkurborgar á árunum 2024–2025. Áður starfaði hún meðal annars innan velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar. Hún lauk meistaragráðu í lögfræði árið 2025 og sérhæfði sig í opinberum rétti, einkum stjórnsýslurétti og persónurétti. Kristín Lilja er í fæðingarorlofi. Starf hennar felst í að vakta uppljóstrunargátt IER, auk lögfræðilegrar aðstoðar við úttektir IER.



Starfsfólk Innri endurskoðunar og ráðgjafar 2026

Magnús Gunnarsson

Verkefnastjóri í innri endurskoðun

Magnús hóf störf hjá IER í maí 2025. Hann starfaði áður hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, þar sem hann sinnti meðal annars vettvangsathugunum hjá viðskiptabönkum, m.a. við úttektir á starfsemi áhættustýringar, virkni varnarlína og hlítu við lög, reglugerðir og viðmiðunarreglur EBA. Magnús býr jafnframt yfir mikilli reynslu og þekkingu á rekstri fyrirtækja úr fyrri störfum. Hann er með Cand.oecon.-gráðu frá Háskóla Íslands (1990) og próf í verðbréfamíðlun (2012). Hann sérhæfir sig í áhættustýringu, fjármálum og rekstrarúttektum.



Halldóra Alexandersdóttir

Verkefnastjóri í rannsóknarendurskoðun

Halldóra hóf störf hjá IER í janúar 2026. Hún starfaði sem verkefnastjóri hjá Deloitte í tíu ár, þar sem hún sinnti endurskoðunarverkefnum og uppgjörsvinnu. Í kjölfarið starfaði hún í samtals fimmtán ár sem sérfræðingur á sviði efnahagsbrota hjá Embætti sérstaks saksóknara og síðar hjá Embætti héraðssaksóknara. Halldóra hefur jafnframt setið í stjórn Brynju leigufélags. Hún er með meistaragráðu í reikningsskilum og endurskoðun og hefur lokið námi til viðurkenningar sem stjórnarmaður. Hún sérhæfir sig í misferlisrannsóknum og stjórnarháttum.



Skúli Magnússon

Verkefnastjóri í innri endurskoðun

Skúli hóf störf hjá IER í nóvember 2025. Hann býr yfir víðtækri reynslu af greiningu, mati og eftirliti þvert á rekstur, áhættustýringu og stjórnarhætti úr starfi sínu hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, þar sem hann starfaði í á annan áratug. Þar kom hann jafnframt að greiningu viðskiptalíkana og mati á viðskiptaáhættu, auk margvíslegra annarra verkefna. Skúli lauk meistaraprófi í reikningsskilum og endurskoðun (M.Acc.) frá Háskóla Íslands árið 2011 og stundaði nám í alþjóðaviðskiptum og fjármálum við Viðskiptaháskólann í Árósum. Hann lauk B.Sc.-námi í viðskiptafræði frá Háskólanum á Bifröst árið 2002 og hefur einnig lokið prófi í verðbréfaviðskiptum.

